

Fundargerð

Aðalfundur Bergrisans bs. haldinn á Teams þann 25. nóvember 2020 kl. 14:00

Mætt: Gísli Halldór Halldórsson, Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Ingibjörg Garðarsdóttir, Íris Ellertsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Árni Eiríksson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Axel Sæland, Bjarki Guðnason, Bjarney Vignisdóttir, Bjarni Þorkelsson, Björk Grétarsdóttir, Björn Kristinn Pálmason, Brynhildur Jónsdóttir, Einar Bjarnason, Einar Freyr Elínarson, Elín Fríða Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Eydís Þ. Indriðadóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Grétar Ingi Ellertsson, Guðni Geir Einarsson, Guri Hilstad, Halldóra Hjörleifsdóttir, Helgi Sigurður Haraldsson, Hrafnkell Guðnason, Ingvar Hjálmarsson, Jón Páll Kristófersson, Jón Valgeirsson, Klara Öfjörð, Kristófer A. Tómasson, Lilja Einarsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Helgi Kjartansson, Ása Valdís Árnadóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Rósa Matthíasdóttir, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Smári B Kolbeinsson, Sólveig Þorvaldsdóttir, Svava Davíðsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Valgerður Sævarsdóttir, Valtýr Valtýsson, Þorsteinn Hjartarson, Þórunn Pétursdóttir, Þrúður Sigurðardóttir

Skipun fundarstjóra og fundarritara

Gísli H. Halldórsson formaður stjórnar Bergrisans bs. býður fundarmenn velkomna og kynnir dagskrá aðalfundarins. Stjórnarformaður leggur til að hann stjórni fundi og ritari Bergrisans bs. Sandra Brá Jóhannsdóttir riti fundargerð. Tillagan samþykkt samhljóða.

Kosning kjörnefndar

Kjörbréfum hefur verið skilað til Bergrisans bs. og leggur formaður Bergrisans til að í kjörnefnd verði Arna Ír Gunnarsdóttir formaður, Grétar Ingi Erlendsson og Þorbjörg Gísladóttir. Tillagan samþykkt samhljóða. Á fundinn eru mættir 32 aðalmenn og 2 varamenn af þeim 48 sem hafa atkvæði og fundurinn telst því lögmætur.

Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs

Gísli Halldór Halldórsson stjórnarformaður fer yfir helstu málefni í starfsemi stjórnar Bergrisans síðast liðið ár.

Kynning á starfsemi Bergrisans bs

Íris Ellertsdóttir verkefnisstjóri Bergrisans bs kynnir starfsemi og þjónustu byggðasamlagsins.

Kynning á ársskýrslu þjónusturáðs

Heiða Ösp Kristjánsdóttir fer yfir hlutverk þjónusturáðs ásamt ársskýrslu þjónusturáðs.

Ársreikningur 2019 lagður fram til samþykktar

Fjármálastjóri Árborgar fer yfir ársreikning 2019. Rekstrartekjur 2019 1.618.483 þús.kr, ekki var kallað eftir aukaframlagi 2019. Rekstrargjöld 1.619.248 þús.kr. Afkoma fyrir fjármagnsliði var tap að upphæð 2.983 þús.kr. Rekstrarreikningur

gerður upp á núlli. Eignir samtals 312.092 þús.kr, þar af handbært fé 68.545 þús.kr. Engar fjárfestingar voru árið 2019. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Fjárhagsáætlun 2021 lögð fyrir

Fjármálastjóri Árborgar gerir grein fyrir fjárhagsáætlun Bergrisans 2021. Framlög Jöfnunarsjóðs 2020 ættu að liggja fyrir á næstu dögum. Óvissa ríkir um hvernig samningar verða við Breiðabólstað og lúkningu á uppgjöri við Kerlingardal.

Áætlaður rekstrarkostnaður Bergrisans árið 2021 er 1.997.579 þús.kr. Áætlaðar greiðslur frá Jöfnunarsjóði 1.536.792 þús.kr. Áætlaðar greiðslur sveitarfélaganna til Bergrisans v/útsvars 249.432 þús.kr. Áætluð fjárför í málaflöknum er 211.355 þús.kr. Fjárhagsáætlun 2021 er samþykkt samhljóða

Kosning þriggja aðalmanna og þriggja varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til eins árs í samræmi við 5. gr samþykktu Bergrisans bs.

Einn stjórnarmaður komi af hverju þjónustusvæði og stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn leggur til að stjórn verði óbreytt frá aðalfundi 2019. Stjórn Bergrisans bs. skipa Gísli Halldór Halldórsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Sandra Brá Jóhannsdóttir. Til vara eru Eggert Valur Guðmundsdóttir, Eydís Indriðadóttir og Ásta Berghildur Ólafsdóttir. Samþykkt samhljóða.

Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins

- a. Sveitarfélög er standa að Bergrisanum barst eftirfarandi athugasemd frá Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti um samþykktir byggðasamlagsins: „Umboð stjórnar verður að vera í samræmi við reglur sveitarstjórnarlaga um fjármál sveitarfélaga. Ákvæði um samþykki sveitarstjórnar á ákvörðunum varðandi lántökur eða mál er varða útgjöld þarf að skýra nánar í samningnum. (4. mgr. 94. gr. svstjl.)“ „Ekki er fjallað um endurskoðun samningsins. (1. mgr. 95. gr. svstjl.)“ Stjórn Bergrisans lagði í kjölfarið fram erindi til ráðneytisins og féllst ráðuneytið á þau sjónarmið sem lögð voru fram og gerir ekki athugasemdir við að samþykktir Bergrisans bs. haldist óbreyttar.
- b. Stjórn leggur til að felld verði út „annað hvert ár“ í 11. grein 4. lið
- c. Stjórn leggur til að breyta orðalagi í 3. grein 4. mgr. Sett verði inn „þjónustuna“ í stað „þjónustunar“

Tillögur stjórnar samþykktar samhljóða.

Ráðning löggilts endurskoðanda

Stjórn leggur til að Ólafur Gestsson, PWC, verði endurráðin sem endurskoðandi Bergrisans bs. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 15:40